



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 49/2010

Skráning Karls Jónssonar á léninu logsatt.is

I. Erindið

Neytendastofu barst erindi lögfræðistofunnar Lögsáttar ehf. með bréfi, dags. 5. ágúst 2010, þar sem kvartað er yfir skráningu Karls Jónssonar á léninu logsatt.is. Að mati kvartanda hefur Karl með skráningunni brotið 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Kröfur Lögsáttar eru að Karli verði bönnuð notkun lénsins og gert skylt að afskrá það.

Í erindinu segir að lögfræðistofan Lögsátt ehf. hafi verið stofnuð, 3. febrúar 1997, með skráningu í fyrirtækjaskrá Þjóðskrár. Hinn 1. mars 2010, hafi kvartandi ætlað að láta gera heimasíðu fyrir lögfræðistofuna. Við skráningu lénsins logsatt.is hjá Isnic hafi komið í ljós að lénið hafði verið skráð eign Karls Jónssonar. Kvartandi hafi þá haft samband við Karl og óskað þess að fá lénið afhent þar sem honum væri óheimilt að nota nafnið lögsátt þar sem það gæfi villandi upplýsingar um eignarrétt og ábyrgð atvinnurekanda auk hættu á að villst væri á notkun hans á léninu og rekstri lögfræðistofunnar Lögsáttar. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir kvartanda um að lénið yrði afskráð hafi Karl ekki orðið við því.

Lögsátt hafi frá því í byrjun árs 1997 verið í fullum rekstri. Atvinnurekstur Lögsáttar hafi verið kynntur með auglýsingum í prentmiðlum og sé fyrirtækið skráð á heimasíðu Lögmannafélagsins. Það hefði því verið mjög auðvelt fyrir þann sem hugðist árið 2008 hefja not á nafninu lögsátt að sannreyna 10 ára not nafnsins í atvinnustarfsemi undir firmanafninu Lögsátt ehf.



II. Málsmeðferð

Erindið var sent Karli til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 10. ágúst 2010. Þar kom fram að að mati Neytendastofu kæmi 5. gr. laga nr. 57/2005 til álita auk 15. gr. a sömu laga. Bréfið var ítrekað 2. september 2010 og gefinn lokafrestur til 9. september 2010, til að koma að skýringum eða athugasemdum við erindið. Jafnframt var tekið fram að að þeim tíma liðnum mætti búast við að ákvörðun yrði tekin í málinu. Ekkert svar hefur borist Neytendastofu.

III. Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Lögsátt ehf. yfir skráningu Karls Jónssonar á léninu logsatt.is. Karl fékk lénið skráð í desember 2008. Að mati kvartanda hefur Karl með skráningunni brotið gegn ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Auk þess er það mat Neytendastofu að 5. gr. sömu laga komi til álita.

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði V. kafla, svo sem 15. gr. a., gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 15. gr. a. segir:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glöggst sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, svo sem greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri samkeppnislaga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt



bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Báðir málsaðilar hafa skráð auðkenni sín með þar til bærum hætti. Lögsátt ehf. var skráð í fyrirtækjaskrá Þjóðskrár, 3. febrúar 1997, og Karl skráði lénið logsatt.is hjá Isnic, 11. desember 2008. Að mati Neytendastofu eiga því báðir málsaðilar rétt til auðkenna sinna og á því 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu við í máli þessu.

2.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Að mati Neytendastofu er orðið lögsátt ekki almennt lýsandi fyrir lögfræðiþjónustu þó svo lögfræðingar geti sérhæft sig í því að ná sáttum í lögfræðilegum deilumálum enda hefur Lögsátt fengið vörumerkið Lögsátt skráð hjá Einkaleyfastofu 6. apríl 2010 sem orðmerki.

Þrátt fyrir að tæp tvö ár eru liðin frá skráningu Karls á léninu logsatt.is er lénið ekki í notkun. Í ljósi þess að Lögsátt hefur verið rekið frá því í febrúar 1997, mátti Karli vera það ljóst að skráning hans og væntanleg notkun hans á léninu logsatt.is gæti valdið ruglingi við Lögsátt. Á það ekki síst við með tilliti til þess að Karl er lögmaður og því væntanlega í samkeppni við Lögsátt. Skráning Karls á léninu logsatt.is er því að mati Neytendastofu brot á 2. máslíð 15. gr. a. laga nr. 57/2005 samanber 5. gr. sömu laga.



**IV.
Ákvörðunarorð:**

„Karl Jónsson, Háabergi 3, Hafnarfirði, hefur með skráningu og notkun lénsins logsatt.is, brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005 er Karli Jónssyni bönnuð notkun lénsins logsatt.is. Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Skal Karl Jónsson á þeim tíma afskrá lénið hjá ISNIC, Internet á Íslandi.“

Neytendastofa, 8. október2010

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir